



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 22/2024

**Ákvörðun um dagsektir á Go car rental ehf. þar til farið verður  
að upplýsingakröfu Neytendastofu**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Með bréfi Neytendastofu til Go car rental ehf., dags. 11. mars 2024, fór stofnunin fram á að félagið veitti stofnuninni upplýsingar og afhenti henni gögn í tengslum við afnám undanþágu virðisaukaskatts og álagningu kílómetragjalds vegna langtímaleigusamninga rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða.

Af því tilefni og með vísan til 4. mgr. 29. gr. laga nr. 33/2013, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005, óskaði Neytendastofa eftir neðangreindum gögnum og upplýsingum frá Go car rental ehf.:

1. Afrit af langtímaleigusamningi rafmagns-, vetnis- og/eða tengiltvinnbifreiðar sem gerður var fyrir 1. janúar 2024.
2. Var kostnaður vegna afnáms undanþágu vegna virðisaukaskatts og álagningu kílómetragjalds velt yfir á mánaðarlega greiðslubyrði viðskiptavina félagsins?
3. Ef svar við spurningu 2 var já; hvort og þá hvernig viðskiptavininum félagsins var tilkynnt um afnám undanþágu virðisaukaskatts af leigusamningnum og álagningu kílómetragjalds o.þ.l. um hækkun heildarleiguverðs.
4. Ef svar við spurningu 2 var já; á hvaða grundvelli var umrædd hækkun leigufjárhæðar byggð, þ.e. við hvaða ákvæði leigusamnings var stuðst við?
5. Ef svar við spurningu 2 var já; hvort viðskiptavininum hafi boðist að rifta leigusamningi vegna hækkunar á leigusamningi vegna afnáms umræddrar undanþágu virðisaukaskatts og álagningu kílómetragjalds.

Ekkert svar barst innan tilskilins frests.

Erindi stofnunarinnar var ítrekað með bréfi, dags. 3. apríl 2024. Í því bréfi var jafnframt vakin athygli á að skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og



markaðssetningu, sé hlutaðeigandi aðilum skylt að afhenda Neytendastofu umbeðnar upplýsingar og gögn innan hæfilegs frests sem stofnunin setji. Berist svar ekki innan tilskilins tímafrests geti stofnunin tekið ákvörðun á grundvelli 2. mgr. 21. c. gr. sömu laga og eftir atvikum kveðið á um dagsektir þar til svör frá félaginu berist sbr. 23. gr. sömu laga.

## 2.

Neytendastofa tók ákvörðun gagnvart Go car rental ehf. þann 14. júní 2024 þar sem þeim fyrirmælum var beint til félagsins, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, að afhenda Neytendastofu umbeðin gögn. Ákvörðunin var studd heimild í 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005. Í ákvörðuninni kom fram að félagið mætti búast við því að tekin yrði ákvörðun um dagsektir yrðu stofnuninni ekki afhent umbeðin gögn innan tilskilins frests.

Ekkert svar barst innan tilskilins frests.

## II.

### Niðurstaða

Mál þetta snýr að athugun Neytendastofu á samningum þeirra félaga sem bjóða neytendum upp á langtímaleigu bifreiða og upplýsingum þar um í tengslum við afnám undanþágu virðisaukaskatts og álagningu kílómetragjalds vegna langtímaleigusamninga rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða. Í tengslum við athugun Neytendastofu hefur stofnunin farið fram á að Go car rental veiti stofnuninni upplýsingar og afhendi henni nánar tilgreind gögn. Engin svör bárust stofnuninni og því tók Neytendastofa þann 14. júní 2024 ákvörðun um að stofnuninni skyldu veittar nánar tilgreindar upplýsingar og afhend gögn. Go car rental hefur í engu orðið við kröfu stofnunarinnar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem er í VIII. kafla laganna, eru svohljóðandi:

*„Neytendastofa getur krafist þá sem lög þessi taka til um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.*

*Neytendastofa getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.“*

Þá er í 2. mgr. 21. gr. c. um það fjallað að Neytendastofa geti gripið til aðgerða sé brotið gegn m.a. VIII. kafla, eftir því sem við getur átt. Aðgerðir Neytendastofu samkvæmt ákvæðinu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.



Í ákvörðun Neytendastofu, dags. 14. júní 2024, sagði m.a.:

*Í ljósi þess að Co car rental ehf. hefur ekki orðið við kröfu Neytendastofu um afhendingu gagna er þeim fyrirmælum skv. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 hér með beint til Go Car rental ehf. að veita Neytendastofu eftirfarandi upplýsingar og gögn:*

- 1. Afrit af langtímaleigusamningi rafmagns-, vetnis- og/eða tengiltvinnbifreiðar sem gerður var fyrir 1. janúar 2024.*
- 2. Var kostnaður vegna afnáms undanþágu vegna virðisaukaskatts og álagning kílómetragjalds velt yfir á mánaðarlega greiðslubyrði viðskiptavina félagsins?*
- 3. Ef svar við spurningu 2 var já; hvort og þá hvernig viðskiptavinum félagsins var tilkynnt um afnám undanþágu virðisaukaskatts af leigusamningnum og álagningu kílómetragjalds o.þ.l. um hækkun heildarleiguverðs.*
- 4. Ef svar við spurningu 2 var já; á hvaða grundvelli var umrædd hækkun leigufjárhæðar byggð, þ.e. við hvaða ákvæði leigusamnings var stuðst við?*
- 5. Ef svar við spurningu 2 var já; hvort viðskiptavinum hafi boðist að rifta leigusamningi vegna hækkunar á leigusamningi vegna afnáms umræddrar undanþágu virðisaukaskatts og álagningu kílómetragjalds.*

*Ofangreindar upplýsingar og gögn skulu berast Neytendastofu fyrir þann 28. júní 2024. Verði það ekki gert má búast við að tekin verði ákvörðun um dagsektir.*

Co car rental hefur ekki orðið við kröfu Neytendastofu um veitingu upplýsinga og afhendingu gagna og því telur stofnunin nauðsynlegt að nýta heimild 23. gr. laga nr. 57/2005 til álagningu dagsekta. Verði ekki farið að ákvörðun Neytendastofu frá 14. júní 2024 innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar skal Go car rental greiða sektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu og stofnuninni veittar upplýsingar og afhent gögn samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnisýslulaga, umfangi brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Go car rental ehf., Malarhöfða 2, 110 Reykjavík, hefur með því að veita Neytendastofu ekki upplýsingar eða afhenda stofnuninni umbeðin gögn brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 14. júní 2024.**

**Verði Neytendastofu ekki veittar upplýsingar og afhent gögn samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar frá 14. júní 2024 innan fjórtán daga frá ákvörðun þessari skal Go car rental ehf., með vísan til 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og**



**markaðssetningu, greiða sektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu frá 14. júní 2024.“**

Neytendastofa, 3. júlí 2024

Pórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir